

Ný skipan í norrænu menningarsamstarfi



F.v. Brian Mikkelsen Danmörku, Camilla Gunell Álandseyjum, Lena Adelsohn Liljeroth Svíþjóð, Tanja Saarela Finnlandi, Trond Giske Noregi, Þorgerður K. Gunnarsdóttir Íslandi, Doris Jakobsen Grænlandi og Jógvan á Lakjuni Færeyjum.

Norrænu menningarmálaráðherrarnir hafa ákveðið að setja á fót nýtt lista- og menningarverkefni frá og með næsta ári. Það er ætlað starfandi listamönnum og þeim sem eru í fyrirsvari fyrir stofnanir og samtök á sviði lista og menningararfs.

Verkefnið skiptist í tvo meginþætti, annars vegar styrki til einstakra samstarfsverkefna og kynningarmála og hins vegar styrki til að efla færni þátttakenda og miðla þekkingu. Átta manna nefnd fagfólks mun taka ákvarðanir um styrkveitingar til einstakra verkefna, en umsóknarfrestur verður tvisvar á ári. Á árinu 2007 verður um 240 m.kr. varið til þessa verkefnis. Þá hefur verið ákveðið að setja á laggirnar nýja norræna menningarstofnun, [Kulturkontakt Nord](#), með aðsetur í Sveaborg í Finnlandi. Stofnunin mun annast umsýslu þessa verkefnis. Með hinni nýju skipan á norrænu menningarsamstarfi verður því megináherslan næstu árin lögð á ferða- og dvalarstyrki, tölvuleiki og lista- og menningarverkefni.

Skólastarf og skólaumbætur - 10 skref til sóknar

Nýlega voru settir á fót tveir síðustu starfshóparnir til að vinna að útfærslu samkomulags menntamálaráðherra og [Kennarasambands Íslands](#) um [skólastarf og skólaumbætur - 10 skref til sóknar](#). Annars vegar er um að ræða starfshóp um fjar- og dreifnám sem Guðbjörg Aðalbergsdóttir skólameistari [Fjölbrotarskóla Snæfellinga](#) stýrir og hins vegar hóp um náms- og starfsráðgjöf sem Sigríður Bílddal námsráðgjafi við [Holtaskóla](#) stýrir.

Í báða hópana tilfærna [Félag grunnskólakennara](#), [Félag framhaldsskólakennara](#), [Félag íslenskra framhaldsskóla](#), [Landssamtökin heimili og skóli](#), [Samband íslenskra sveitarfélaga](#) og [Skólastjórafélag Íslands](#). Í hópinum um náms- og starfsráðgjöf tilfærna einnig [Félag náms- og starfsráðgjafa](#) og [Fræðslumiðstöð atvinnulífsins](#).

Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar

Á [degi íslenskrar tungu](#), fimmtudaginn 16. nóvember, verður hátíðardagskrá í Kópavogi þar sem menntamálaráðherra

veitir Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2006 og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu. Einnig munu verðlaunahafar úr [Stóru upplestrarkeppninni](#) sjá um upplestur og flutt verða tónlistartriði á vegum



[Tónlistarskóla Kópavogs](#). Dagskráin verður í sal [Hjallaskóla](#) í Kópavogi kl. 16-17 og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Finna má upplýsingar um viðburði í tilefni dagsins á [vef dags íslenskrar tungu](#).



Verðlaunahafarnir ásamt forseta Íslands og menntamálaráðherra.

Lokahóf Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg buðu öllum aðstandendum og velunnurum [Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda](#) til lokahófs og afmælisveislu í tilefni af 15 ára afmæli keppinnar í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 4. nóvember sl. Rúmlega 200 manns sóttu hófið.

Í erindi sínu sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra m.a.: „Í dag er það mér ljúf skylda að tilkynna breytingar á nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Gerður hefur verið samningur milli menntamálaráðuneytis og forsvarsmanna nýsköpunarkeppinnar um að menntamálaráðuneytið taki yfir keppnina og sjái um rekstur hennar í

framíðinni. Fyrirkomulag keppinnar mun halda sér enda hefur það sannað sig fyrir löngu. Eitt af aðaleinkennum keppinnar er náðið samstarf við atvinnulífið. Hefur það samstarf bæði verið fólgið í aðgengi ungra hugvitsmanna að sérfræðiaðstoð hjá fyrirtækjum sem og vinnu matsnefnda og dómara í keppninni. Ég hef eftir traustum heimildum, að það samstarf hafi verið öllum til gagns, hugvitsfólkinu unga jafnt sem þeim starfsmönnum fyrirtækjanna sem komið hafa að mati á hugmyndum í keppninni. Hugarflug barnanna hefur oft komið eldri og reyndari framafólki í atvinnulífinu á óvart og vakið til umhugsunar um gildi hugvits í þeirra fyrirtækjum.”

Fjölgun hjúkrunarfræðinga

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir því að nemendum á fyrsta ári í hjúkrunarfræði verði fjölgað um 25. Einnig kemur fram að fjölgunin verði öll innan [Háskóla Íslands](#). Af þessu tilefni vilja mennta- og fjármálaráðuneyti greina frá því að ráðuneytin munu leggja til við aðra umræðu um frumvarp til fjárlaga að fjölgunin skiptist þannig að fjölgað verði um 10 nema á ári í hjúkrunarfræði í [Háskólanum á Akureyri](#) og um 15 nema í Háskóla Íslands. Er það í samræmi við það sem fram fór á milli menntamálaráðuneytis og Háskólans á Akureyri sl. sumar og umræður í ríkisstjórn um sérstakar ráðstafanir til að fjölga útskrifuðum hjúkrunarfræðingum.

